



Áveitan

2. tbl. 19. árgangur. Febrúar 2025

Þorrablótsballið

Í Þingborg laugardaginn
8.febrúar.

Hljómsveitin Sveitamenn
leikur fyrir dansi

Selt verður inn á ballið frá
klukkan 23:00

Ballmiði kostar 4000 kr.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir odnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill frá sveitarstjóra Flóahrepps



Kæru sveitungar og aðrir
lesendur Áveitunnar

Þorinn ætlar að verða nokkuð rýsjóttur veðurlega séð en undanfarið hefur gengið á með snjó, hálfu og hláku sitt á hvað. Þrátt fyrir að töluvert hafi snjóað á köflum hefur ekki enn orðið algjör ófærð á vegum þó sumir vegkaflar hafi verið þungfærir fyrir smærri bíla í stuttan tíma. Verktakarnir okkar sinna mokstri skv. fyrimælum frá sveitarstjóra og sinna sínum störfum vel og samkvæmt þeim áætlunum sem við vinnum eftir. Hálfkan hefur verið erfiðari en snjórinn undanfarið og hafa vegir verið varasamir suma daga vegna mikillar hálfu.

Störf á fasteignasviði Flóahrepps

Í lok janúar birtust auglýsingar um tvö störf á fasteignasviði Flóahrepps. Um er að ræða 80-90% starf og 40-60% starf og eru helstu verkefni og ábyrgð húsvarsla í fasteignum, umsjón og ábyrgð á bókunum, samskipti við leik- og grunnskóla vegna notkunar fasteigna, umsjón með lóðum við fasteignir, undirbúningur, þrif og frágangur vegna viðburða og útleigu, tilfallandi verkefni og viðhald.

Störfín eru auglýst vegna starfsmannabreytinga í húsvörslu í félagsheimilum en Andri Þór hætti störfum um áramót og Ingibjörg mun láta af störfum vegna aldurs í vor. Vert er að minnast á að Ingibjörg hefur starfað hjá sveitarfélaginu í rúm 30 ár, fyrst hjá Hraungerðishreppi og svo Flóahreppi.

Hér má sjá auglýsingar vegna starfanna:

80-90% starf á fasteignasviði Flóahrepps: <https://alfred.is/starf/spennandi-starf-a-fasteignasvidi-floahrepps>

40-60% starf á fasteignasviði Flóahrepps: <https://alfred.is/starf/hlutastarf-a-fasteignasvidi-floahrepps-1>

Við hvetjum áhugasama til að senda inn umsókn.

Álagningarseðill:

Nú um mánaðarmótin janúar-febrúar birtist álagningarseðill fyrir árið 2025. Álagningarseðillinn er aðgengilegur inni á mínum síðum á opinbera vefnum www.island.is.

Á álagningarseðli má finna ýmis gjöld sem geta samanstaðið af eftirfarandi liðum:

- Fasteignaskatti
- Lóðarleigu
- Seyrulosunargjaldi
- Vatnsgjaldi
- Sorphirðugjaldi
- Sorpeyðingargjaldi

Það er misjafnt hvaða gjöld fasteignaeigendur greiða sem tengjast fasteigninni þeirra og fer það eftir þjónustunni sem þeir kaupa af sveitarfélaginu hvaða liðir eru á álagningarseðli. Sjá nánar hér: <https://www.floahreppur.is/is/stjornsysla/fjarmal-og-rekstur/alagningarsedill>

Allir þeir sem eiga lóð, lönd eða eignir eru hvattir til að fara vel yfir seðilinn og hafa samband við skrifstofu Flóahrepps ef einhverjar athugasemdir eru við upphafsálagninguna fyrir 2025.

Vegna dýrahæja:

Erfiðlega hefur gengið fyrir þjónustuaðila (Íslenska Gámafélagið) að losna við aukaafurðir dýra og dýraleifar sem safnað er í gám í sveitarfélaginu. Losun á gámnum í brennslu er háð því að þjónustuaðili geti farið með gáminn á viðurkennda staði til förgunar. Í dag er eini staðurinn sem farið með aukaafurðir dýra og dýraleifar af okkar svæði í Kólku á Reykjanesi og því miður

hafa verið tafir á því að þjónustuaðili komist að hjá þeim. Þetta skapar vissulega vandræði hjá einhverjum búfjáreigendum en lítið sem hægt er að gera annað en bíða eftir því að fá að fara með gám í brennslu þar sem viðeigandi leyfi eru í gildi frá Umhverfisstofnun til förgunar enda er urðun óheimil nema með sérstakri undanþágu og starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Það er full ástæða til að minna á að söfnun, flutningur og afsetning dýrahæja er ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaga heldur er ábyrgðin á að koma á kerfi til söfnunar, flutnings eða meðhöndlunar á íslenska ríkinu. Það er mjög slæmt að ekki séu öruggari leiðir til förgunar á aukafurðum dýra og dýraleifa fyrir okkar svæði og hvet ég bændur og aðra sem eru háðir því að geta losað sig við dýraleifar að ýta við ráðuneytum, hagsmunasamtökum bænda, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Sveitarfélagið hefur átt í miklum samskiptum um þessi mál við viðeigandi aðila.

Í dag er sveitarfélagið með söfnunargám fyrir dýraleifar og rúkkar búfjáreigendur skv. gildandi gjaldskrá enda á kostnaðurinn ekki að lenda á þeim sem ekki eru með skráðan bústofn og munu þar af leiðandi aldrei þurfa að nota gáminn. Það er umhugsunarefni hvort sveitarfélagið eigi yfir höfuð að standa fyrir því að vera með söfnunargám þar sem ekki er um lögbundið hlutverk að ræða. Sveitarstjórn hefur þó með ákvörðun um gjalddöku á búfjáreigendur á árinu tekið ákvörðun um að reka söfnunargáminn og verður því ekki breytt af sveitarfélaginu nema með formlegri breytingu á gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Bent er á að búfjáreigendur geta nýtt sér söfnunarstöð í Hrísmýri ef það hentar betur en gámurinn og greiða þá fyrir kg á staðnum. Ekki er hægt að nýta klippikortin fyrir dýraleifar.

Mikilvægt er að sveitarfélög í landinu setji þrýsting á að ríkið taki að sér þennan úrgangsflokk allt frá söfnun til förgunar/afsetningar, eins og lög og reglugerðir mæla til um.

Söfnun á rúlluplasti:

Líkt og notendur hafa margir hverjir tekið eftir þá er söfnun rúlluplasts ekki inni í sorphirðudagatali sveitarfélagsins. Það

þýðir þó ekki að Íslenska gámafélagið muni ekki áfram sinna söfnun á rúlluplasti innan Flóahrepps.

Næsta söfnun á rúlluplasti verður aðra vikuna í febrúar með fyrirvara um að veður og færð verði í lagi.

Á árinu verður söfnunin sett þannig upp að stærri notendur verða áfram á sömu söfnunartíðni og áður en söfnunarbíllinn kemur sjaldnar hjá smærri notendum.

Rúlluplast er rekstrarúrgangur líkt og annar úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri og er ekki skilgreindur sem heimilisúrgangur. Sveitarstjórn ákveður fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélagi en bera bara ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs - ekki rekstrarúrgangs.

Um heyrúlluplast:

Úrvinnslugjald er lagt á hvert kg af plasti sem er notað til þess að pakka utan um heyrúllur. Notendur (bændur í flestum tilfellum) greiða úrvinnslugjaldið við kaup á rúlluplastinu. Gjaldinu er ætlað að greiða fyrir meðhöndlun heyrúlluplasts og endurnýtingu eftir að það hefur þjónað upphaflegum tilgangi sínum.

Íslenska gámafélagið er viðurkenndur söfnunaraðili fyrir Úrvinnslusjóð.

Sveitarfélög bera ekki sérstaka ábyrgð á söfnun á rúlluplasti heldur er söfnunin og afsetning á ábyrgð Úrvinnslusjóðs.

Sveitarfélagið skal þó tryggja að farvegur sé til staðar t.d með aðgengi að gámasvæði, líkt og fyrir annan rekstrarúrgang í sveitarfélaginu.

Í Flóahreppi fer bíll reglulega frá ÍGF og safnar rúlluplasti hjá þeim sem það kjósa.

Það er val hvers og eins hvort hann notist við söfnun á rúlluplasti á vegum ÍGF eða semji við annan aðila.

Hægt að fara sjálfur með rúlluplast á söfnunarstöð í Hrísmýri – ekki þarf að nota klippikortið.

Einnig er hægt að fara beint til Pure North í Hveragerði og frá greitt frá þeim fyrir hvert kg. Hægt er að notast við reiknivél á heimasíðu þeirra www.purenorth.is til að sjá hvað greitt er fyrir hvert kg.

Margir af stærri notendum hafa farið þá leið að leigja gám undir rúlluplast sem sóttur er þegar hann er fullur. Ef bændur þurfa **ekki** að fá söfnunarbílinn til sín eða vilja skoða leigu á gámi undir rúlluplast er þeim bent á að heyra beint í ÍGF í síma 482 3371 / 577 5757 eða á netfangið igf@igf.is

Framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla:

Á fundi sveitarstjórnar í janúar 2024 var skipað í framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla og starfar nefndin eftir erindisbréfi sem sveitarstjórn samþykkti. Nefndin er nú komin af stað vegna undirbúnings á viðbyggingu við Flóaskóla sem áætlað er að komi til framkvæmda á næsta ári. Á árinu 2025 stendur til að vinna hönnunarvinnuna og undirbúning ásamt því að ganga frá sem mestu af skólalóðinni og skipulagi hennar til framtíðar.

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrismýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Athugið að ekki er opið á laugardögum.

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og lítað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrismýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma. Klippikortin gilda ekki fyrir dýraleifar og aukaafurðir dýra.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Ingbjörg Einarsdóttir sér um bókanir fyrir félagsheimilin í Flóahreppi. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið thingborg@gmail.com.

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri:

anna@floahreppur.is

Hafdis bókari, launafulltrúi og álagningarkerfi:

hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri:

hulda@floahreppur.is

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags- og byggingarmála:

UTU er staðsett á Laugarvatni.

Almennt netfang: utu@utu.is

Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara.

Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar.

Sími: 480-1180

Vegna skólalþjónustu: skolathjonusta@arnesthing.is

Vegna velferðarþjónustu: velferd@arnesthing.is

Sjá nánar hér: www.arnesthing.is

Næstu fundir sveitarstjórnar Flóahrepps verða þriðjudagana **4. febrúar kl. 17:00** og **18. febrúar kl. 17:00** í Þingborg.

*Með kærri kveðju
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

STÖRF Í BOÐI

FASTEIGNASVIÐ FLÓAHREPPS



Leitað er eftir metnaðarfullu, sjálfstæðu og jákvæðu starfsfólki til að sinna ýmsum fjölbreyttum verkefnum í fasteignum hjá sveitarfélaginu Flóahreppi.

Starfshlutfall er um 40-60% eða 80-90%

Mikilvægt er að umsækjandi búi á svæðinu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Yfirferð umsókna hefst 15. febrúar 2025 en tekið verður við umsóknum til 28. febrúar ef þörf er talin á lengri umsóknarfresti.

Sótt er um á www.alfred.is - leitað eftir "Flóahreppur"

Nánari upplýsingar um starfið:

Sveitarstjóri: 480 4370 / hulda@floahreppur.is

Frá Ungmennafélaginu Þjótanda

Aðalfundur

Aðalfundur Þjótanda verður haldinn í Þingborg mánudaginn 24. febrúar n.k. kl 19:00.

Í upphafi býður félagið fundargestum upp á pylsur og drykki, og fundurinn hefst svo í kjölfarið.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar.

Félagar á öllum aldri eru hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum.

Gönguskíðaspor

Umf Þjótandi mun sæta færiss og leggja gönguskíðaspor þegar veður og aðstæður leyfa á útivistarsvæðinu við Flóaskóla/ Þjórásarver.

Endilega fylgist með á facebook síðu félagsins, þar er tilkynnt þegar ný spor hafa verið lögð.

Möguleiki er á að fá sporann lánaðann ef félagsmenn óska eftir að leggja spor á sinni landareign.



Skíðaferð í Bláfjöll

Við stefnum á skíðaferð í Bláfjöll seinna í vetur. Ferðin verður auglýst með stuttum fyrirvara þegar veður og aðstæður eru hentugar. Hugmyndin er að fara seinnipart á virkum degi og vera fram á kvöld.

Umf Þjótandi býður upp á rútuferð fram og til baka en þátttakendur borga sjálfir fyrir sig í fjallið.

Börn verða að vera í fylgd og umsjón fullorðinna en við miðum við að 8. bekkur og eldri geti verið á eigin vegum. Fylgist með!!

Stjórn Umf Þjótanda

Fréttir frá Flóaskóla

Janúarmánuður hefur að mestu verið með nokkuð hefðbundnu sniði. Þorinn kom með smá hveli og núna síðustu daga mánaðarins raskaði hálsa og vindhraði skólasterfi aðeins. Vonum við að veðrið verði okkur hliðhollt það sem eftir er vetrar svo ekki þurfi að koma til frekari raskana.

Miðvikudaginn 22. janúar var haldið upp á 20 ára afmæli Flóaskóla. Stofnfundur Flóaskóla var haldinn 2. febrúar 2004 og því var ekki seinna vænna að halda upp á tvítugsafmælið. Afmælishátíðin heppnaðist vel, það var gaman hve margir gáfu sér tíma til að koma til okkar að njóta dagsins með okkur. Dagskrá var í Þjórsárveri þar sem skólastjóri og gestir fluttu stuttar ræður, einnig komu nemendur fram, sungu og sögðu frá starfinu í skólanum. Síðan var gestum boðið inn í skóla þar sem nemendur kynntu fyrir þeim skólasterfið og gestir áttu þess kost að taka þátt í ýmiskonar þrautum og verkefnum og svo var boðið upp á afmælið.

Skólanum bærust margar góðar gjafir, blómvendur, kærleiksbekkur á skólalóðina frá starfsfólki, 5 milljónir frá sveitarstjórn Flóahrepps til kaupa á leiktækjum á skólalóð, 800 þúsund frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps til kaupa á leiktæki á skólalóð, 200 þúsund frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps til uppbyggingar á tækniými skólans og 500 þúsund frá Ungmennafélaginu Þjótanda til heilsuefningar, íþróttaiðkunar og útvistar nemenda í Flóaskóla.

Á svona tímamótum er ekki úr vegi að staldra við og líta um öxl. Það sem einkenndi alla vinnu við undirbúning og stofun Flóaskóla voru lýðræðisleg vinnubrögð. Öflugur undirbúningshópur kom að vinnunni og þar sést að vandað var til allra verka. Kallað var eftir skoðunum og sýn allra; nemenda grunnskólanna þriggja sem verið var að sameina, starfsmanna skólanna, foreldra og annarra sveitunga og síðan fagaðila í skólamállum. Áður en skólasterf hófst var búið að móta stefnu til framtíðar. Þar var lögð áhersla á að skapa nemendum öruggt og hvetjandi námsumhverfi þar sem þeim liði vel og þeir hefðu tækifæri til að efla samstarfshæfni sína og víðsýni. Alltaf var

horft til framtíðar en hvert skref tekið að yfirvegum og skynsemi. Það er auglýnilegt að jákvætt hugarfar og metnaðarfull vinna einkenndi alla uppbygginguna.

Flóaskóli er enn í dag vaxandi stofnun sem nýtur velvildar og stuðnings samfélagsins, það er ómetanlegt fyrir okkur sem störfum í skólanum, ýtir undir metnað í starfinu og hvetur okkur til góðra verka.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Pórunn Jónasdóttir



Kristín Sigurðardóttir, fyrsti skólastjóri Flóaskóla heiðraði okkur með nærveru sinni á afmælishátíðinni.



Fulltrúar allra bekkja og starfsmanna skólans sungu lagið Riddarar kærleikans.

Messur til vors 2025 í öllum kirkjunum í Flóahreppi

Villingaholtskirkja

16. mars – messa kl. 14:00. Ása Björk Ólafsdóttir

20. apríl – páskadagur hátíðarmessa kl. 11:00.

8. júní – hvítasunnudagur – fermingarmessa kl. 14:00.

Hraungerðiskirkja

16. febrúar – messa kl. 14:00. Prestur Gunnar Jóhannesson

21. apríl – annar páskadagur – hátíðarmessa kl. 11:00.

9. júní – annar hvítasunnudagur – fermingarmessa kl. 14:00.

Laugardælakirkja

17. apríl – skírdagur – messa með altarisgöngu kl. 14:00.

15. júní – þrenningarhátíð – messa kl. 11:00 / 14:00.

Gaulverjabæjarkirkja

23. mars – messa kl. 14.00 Prestur Guðbjörg Arnardóttir

21. apríl – annar páskadagur kl. 14.00

8. júní - hvítasunnudagur/fermingarmessa kl. 14.00

Frá nemendum í 10. bekk Flóaskóla

Halló, halló.

Við nemendur í 10. bekk í Flóaskóla erum að safna dósum fyrir útskriftarferð okkar til Danmerkur.

Við verðum á ferðinni um Flóahrepp aðra viku í febrúar og tökum glöð við þeim dósum og flöskum sem þið megi missa. Sjáumst hress og takk fyrir stuðninginn.

Einnig stefnum við á að vera með Bingó í byrjun mars en það verður auglýst betur þegar nær dregur.

Nemendur í 10. bekk í Flóaskóla



Gjafakort SSK

Samband sunnlenskra kvenna er að selja þessi fallegu gjafakort til styrkar Sjúkrahússjóði HSu. SSK stofnaði



sjúkrahússjóðinn árið 1952 þegar byrjað var að safna fyrir sjúkrahúsi sem þróaðist síðan út í að selja fyrst jólakort frá árinu 1968 og yfir í að selja gjafakort seinni árin. Þessi fjögur kort kosta 2.500 krónur og er hægt að kaupa þau hjá Sólveigu á Skúflæk II, s: 869 6534.

Ungmennráð Flóahrepps - Opið hús

Ungmennaráðið verður með opið miðvikudaginn 26. febrúar kl 20:00 - 22:00.

Staðsetning verður auglýst þegar nær dregur.

Ungmennráð

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 27. mars n.k. Kl 19:00 í Þingborg.

Takið daginn frá. Nánari upplýsingar í næstu Áveitu.

Stjórn Kvenfélags Villingaholtshrepps

Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Folaldasýning

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps, verður haldin sunnudaginn 2. mars 2025 í Sleipnishöllinni að Brávöllum Selfossi og hefst hún kl. 13:30.

Þátttökugjald er 2.500 kr. fyrir hvert folald og greiðist með reiðufé til gjaldkera. Skráningafrestur rennur út kl. 20:00 föstudaginn 28. febrúar.

Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi. Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899-5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins hrff.stjorn@gmail.com.

Áhorfendur velja með kosningu glæsilegasta folaldið. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, merfolöld og hestfolöld.

Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl. 13:00

Uppskeruhátíð

Við ætlum að halda uppskeruhátíð félagsins í Vatnsholti föstudagskvöldið 21. febrúar með hrossakjötsáti og verðlaunaveitingum fyrir sýningarárið 2024.

Guðmundur í Skálakoti ætlar að mæta og kynna fyrir okkur starfsemi tilvonandi sæðingarstöðvar sem hann er að láta reisa. Verð á mann er 4500 krónur. Tilboð á barnum. Húsið opnar kl. 20:00. Öll velkomin.

Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899-5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins hrff.stjorn@gmail.com. Skráningu lýkur sunnudagskvöldið 16. febrúar.

Myndir af kynbótahrossum

Á uppskeruhátíð þann 21. febrúar verða þau hross sem sýnd voru og eru í 3 efstu sætum innan síns aldursflokks verðlaunuð og kynnt. Af því óskum við eftir að ræktendur/eigendur hrossa sem sýnd voru vor/sumar 2024 að senda okkur myndir af þeim á netfangið okkar hrff.stjorn@gmail.com fyrir 15. febrúar næstkomandi.

Við munum láta eigendur þeirra hrossa sem eiga von á verðlaunum vita af því þannig að þeir geti mætt til afhendingar eða þá sent fulltrúa sína.

Aðalfundur

Aðalfundur HRFF verður haldinn um miðjan mars. Hann verður betur auglýstur í næsta tölublaði Áveitunnar.

Stjórn HRFF

Heimasíðan okkar er hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com.
[Erum líka á Fésbókinni](#)

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Skemmtinefnd efnir til leikhúsferðar föstudagskvöldið 28. febrúar n.k.. Farið verður á sýninguna „Átta konur“ sem

Leikfélag Selfoss sýnir um þessar mundir.

Makar velkomnir með!

Pantanir og nánari upplýsingar koma síðar á

Facebooksíðu félagsins. Takið kvöldið frá!

Skemmtinefndin



Úrslit móta

Meistarmót Íslands fjölþrautum Haldið í Reykjavík, 11. janúar 2025

Þjótandi átti einn keppenda á mótinu.

Helgi Reynisson

8,26 sek 60 m hlaup pb.
10,16 sek 60 m grind pb.
3:22,08 mín 1000 m hlaup pb
1,79 m Hástökk pb
3,60 m Stangarstökk pb
5,60 m Langstökk pb
10,16 m Kúluvarp 5 kg pb

Frábært mót hjá Helga sem setti persónulegt met í öllum greinum.

Alls hlaut Helgi 3668 stig í sjöþraut og endaði í 2. sæti í sjöþraut 16-17 ára



Aldursflokkamót HSK Haldið á Selfossi 25. janúar 2025

Ungmennafélagið Þjótandi mætti með öflugt lið á mótið. Krakkarnir stóðu sig mjög vel og endaði Þjótandi í 3. sæti í heildarstigakeppninni.

60m hlaup piltar 11 ára

1.sæti 10,14 sek Arnar Alex Reynisson PB
2.sæti 10,32 sek Páll Axel Axelsson PB
3.sæti 10,94 sek Nikulás Tumi Ragnarsson PB

Hástökk piltar 11 ára

- 1.sæti 1,15 m Arnar Alex Reynisson PB
- 2.sæti 0,95 m Nikulás Tumi Ragnarsson =PB
- 3.sæti 0,90 m Páll Axel Axelsson

Langstökk piltar 11 ára

- 1.sæti 3,59 m Arnar Alex Reynisson PB
- 2.sæti 2,75 m Nikulás Tumi Ragnarsson
- 3.sæti 2,67 m Páll Axel Axelsson PB
- 4.sæti 2,08 m Magnús Búi Ágústsson

Kúlvarp 2 kg 11 ára

- 1.sæti 7,79 m Nikulás Tumi Ragnarsson PB
- 2.sæti 7,27 m Arnar Alex Reynisson PB
- 3.sæti 7,23 m Páll Axel Axelsson PB
- 4.sæti 6,63m Magnús Búi Ágústsson PB



Flottur hópur keppenda frá Umf Þjótanda

60m hlaup piltar 13 ára

5.sæti 9,90 sek Kristján Reynisson

8.sæti 10,36 sek Ottó Ingi Annýjarson PB

60m grind piltar 13 ára

3.sæti 13,10 sek Kristján Reynisson PB

4.sæti 14,10 sek Ottó Ingi Annýjarson PB

Hástökk piltar 13 ára

3.sæti 1,25 m Kristján Reynisson PB

6.sæti 1,00 m Ottó Ingi Annýjarson PB

Langstökk piltar 13 ára

2.sæti 3,94 m Kristján Reynisson

9.sæti 3,02 m Ottó Ingi Annýjarson

Kúlvarp 3 kg piltar 13 ára

1.sæti 8,39 m Baldur Ragnar Ragnarsson PB

2.sæti 8,19 m Kristján Reynisson

3.sæti 7,40 m Óskar Hansson

10.sæti 5,00 m Ottó Ingi Annýjarson PB

Langstökk piltar 14 ára

2.sæti 3,79 m Gísli Svavar Sigurðsson

Kúluvarp piltar 14 ára

2.sæti 8,80 m Gísli Svavar Sigurðsson PB

Langstökk stúlkur 12 ára

11.sæti 2,84 m Kristín María Sigurðardóttir PB

Kúlvarp 2 kg stúlkur 12 ára

1.sæti 8,09 m Kristín María Sigurðardóttir PB

60m hlaup stúlkur 13 ára

2.sæti 10,09 sek Lilja María Axelsdóttir

5.sæti 11,12 sek Guðbjörg Erla Annýjardóttir PB

60m grind stúlkur 13 ára

2.sæti 13,77 sek Lilja María Axelsdóttir PB

Hástökk stúlkur 13 ára

2.sæti 1,20 m Lilja María Axelsdóttir

Langstökk stúlkur 13 ára

2.sæti 3,48 m Lilja María Axelsdóttir

5.sæti 2,67 m Guðbjörg Erla Annýjardóttir

Kúlvarp 2 kg stúlkur 13 ára

4.sæti 6,61 m Lilja María Axelsdóttir PB

6.sæti 3,79 m Guðbjörg Erla Annýjardóttir

Unglingamót HSK Haldið á Selfossi, 25. janúar 2025

Helgi Reynisson

5.sæti 8,48 sek 60 m hlaup

5.sæti 9,35 m Kúluvarp 5 kg

60+ Hittingur

Stefnt er að því að halda þorrablót fyrir 60+ íbúa og brottflutta íbúa Flóahrepps í Þingborg, 20. febrúar n.k. kl 19:00.

Miðaverði verður stillt í hóf.

Nánar auglýst á næstu dögum á facebooksíðu, í tölvupósti og í dreifibréfi.

Nefndin



Dagskrá mánaðarins:

Fundur sveitarstjórnar	4. febrúar
Íþróttæfingar 5. - 7. bekkur	4. febrúar
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	5. febrúar
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	7. febrúar
Þorablót Flóahrepps	8. febrúar
10. bekkur safnar dósum	10. - 16. mars
Íþróttæfingar 5. - 7. bekkur	11. febrúar
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	12. febrúar
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	14. febrúar
Messa í Hraungerðiskirkju	16. febrúar
Fundur sveitarstjórnar	17. febrúar
Flóaskóli - vetrarfrí	17. - 18. febrúar
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	19. febrúar
60+ Þorablót í Þingborg	20. febrúar
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	21. febrúar
Uppskeruhátíð Hrossaræktarf. Flóahrepps	21. febrúar
Aðalfundur Umf Þjótanda	24. febrúar
Íþróttæfingar 5. - 7. bekkur	25. febrúar
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	26. febrúar
Opið hús hjá Ungmennaráði	26. febrúar
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	28. febrúar
Leikhúsferð Kvenfélags Villingaholtshrepps	28. febrúar
Folaldasýning Hrossaræktarf. Flóahrepps	2. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	27. mars